

Fyrirspurn

til fjármála- og efnahagsráðherra um fjármagnstekjur
vegna arðgreiðslna úr einkahlutafélagi.

Frá Diljá Mist Einarsdóttur.

1. Hversu margir einstaklingar höfðu fjármagnstekjur vegna arðgreiðslna, úr einkahlutafélagi í a.m.k. 25% eigu þeirra, umfram launatekjur og reiknað endurgjald á árunum 2013–2023, flokkað eftir eftirfarandi fjárhæðum samanlagðra launatekna og reiknaðs endurgjalds:
 - a. 0–999.999 kr. á mánuði,
 - b. 1.000.000–1.999.999 kr. á mánuði,
 - c. 2.000.000–2.999.999 kr. á mánuði,
 - d. 3.000.000–3.999.999 kr. á mánuði,
 - e. 4.000.000–4.999.999 kr. á mánuði,
 - f. 5.000.000 kr. eða meira á mánuði?
2. Hverjar voru meðalfjárhæðir fjármagnstekna og greidds fjármagnstekjuskatts í sömu flokkum á árunum 2013–2023 og hver eru efri og neðri fjórðungsmörk?
3. Hverjar voru meðalfjárhæðir launatekna, reiknaðs endurgjalds, greidds tekjuskatts og útsvars í sömu flokkum á árunum 2013–2023 og hver eru efri og neðri fjórðungsmörk?

Skriflegt svar óskast.